



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

PR/aa

Rvk. 02.03.2006

Efni: Frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsóknna hf., 387. mál.

Samtök atvinnulífsins fagna þeirri stefnumörkun sem í ofangreindu frumvarpi felst, þeirri sameiningu stofnana sem gert er ráð fyrir og að stofna eigi um reksturinn hlutafélag þar sem í framtíðinni má reikna með að fleiri komi að en ríkið eitt.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna hafa gegnt mikilvægu hlutverki en frá stofnun þeirra hefur orðið gríðarleg breyting á öllu umhverfi þeirra, samkeppni hefur aukist, heilar tækni- og atvinnugreinar hafa orðið til og hér á landi stunda nú fyrirtæki í atvinnulífinu umfangsmiklar rannsóknir á mörgum sviðum. Skil milli atvinnugreina hafa máðst út og við rannsóknir þarf að leiða saman færni sem skapast hefur á mismunandi sviðum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Metnaðarfull verkefni á sviði matvæla geta krafist þekkingar á örverum, véltækni, efnistækni, upplýsingatækni, sjálfvirkni og jafnvel örtækni. Samstarf og samkeppni á sér stað innanlands og milli landa þar sem við er að etja stórar og öflugar rannsóknastofnanir og alþjóðleg fyrirtæki. Því er mikilvægt að hér á landi séu til öflug fyrirtæki sem stunda rannsóknir og geta keppt um rannsóknafé og verkefnastyrki við sambærilega aðila í nálægum löndum. Í raun má sjá stofnun Matvælarannsóknna hf. sem eitt skref í sameiningu, uppbyggingu og endurskilgreiningu á starfsemi hins opinbera á þessu sviði. Mikilvægt er að sjá fyrir sér nán tengsl þessarar starfsemi við atvinnulíf og háskóla á tæknisviðum. Tækifæri skapast til að tengja starfsemina fyrirhugaðri uppbyggingu háskóla og sjúkrahúss í námunda hvert við annað í Vatnsmýrinni.

Mikilvægur er sá þáttur sem fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu (6. kafli) og fjallar um samkeppni og kaup ríkisins á rannsóknþjónustu. Tekið er undir nauðsyn þess að ríkið og aðrir opinberir aðilar skilgreini þau verkefni sem vinna þarf á þessu sviði og geri um þau samninga við fyrirtæki, gjarnan á grundvelli langtímasamninga. Smám saman getur þannig fjölgað þeim verkefnum sem ríkið útvistar og eiga heima á samkeppnismarkaði.


Lýkilatriði er að stjórn og stjórnendur hlutafélagsins Matvælarannsóknna hf. fái tækifæri til að móta stefnu fyrirtækisins og að til stjórnarstarfa veljist einstaklingar með reynslu af hlutafélagsforminu, þeirri ábyrgð sem stjórnarsetunni fylgir og reynslu úr atvinnulífinu á þessu sviði.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Enginn vafi er á að takist vel til við stofnun, uppbyggingu og rekstur Matvælarannsóknna hf. mun það skapa fordæmi sem nýst getur við frekari hagræðingu opinberrar rannsóknastarfsemi í landinu og orðið liður í enn frekari sameiningu stofnana en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Virðingarfyllst,


Pétur Reimarsson

